

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2019-2020

haldinn í Zoom fjarfundabúnaði mánudaginn 4. nóvember 2019 kl. 10:00.

Mætt: Elías Pétursson, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður stjórnar, Elías Pétursson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Yfirferð á gögnum stýrihóps vegna sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna

Fyrir lágu eftirfarandi gögn sem send voru öllum aðal- og varamönnum:

- Afgreiðslutillaga stýrihóps um sameininguna.
- Tillaga að samþykktum nýrra samtaka
- Tillaga að rekstraáætlun
- Tillaga að starfsáætlun
- Tillaga að jafnlaunastefnu

Farið sérstaklega yfir fyrirliggjandi drög að samþykktum og gerðar allnokkrar athugasemdir sem færðar voru beint inn í skjalið sem sent er með fundargerðinni. Varða þær einkum fjölda og verkefni þinga sem eru æðsta vald samtakanna og skipan og verkaskiptingu stjórnar.

Rætt um form og inntak afgreiðslutillögunnar og samstaða um að efnislega sambærileg tillaga verði lögð fyrir fulltrúaráð AP, e.t.v. með einhverjum breytingum sem kunna að verða eftir afgreiðslu aðalfundar Eyþings.

2. Aukafundur fulltrúaráðs

Samþykkt að boða til aukafundar fulltrúaráðs til afgreiðslu á sameiningartillögu og eftir atvikum öðrum gögnum vegna sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna, þriðjudaginn 19. nóvember kl. 13:00 í Skúlagarði.

3. Önnur mál

Jóna Björg spurðist fyrir um kynninu á smávirkjanaskýrslunni. Framkvæmdastjóri greindi frá því að í undirbúningi væri að halda málþing fyrir áramót um stöðu raforkumála á svæðinu í samstarfi við sveitarfélögin þar sem skýrslan yrði kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15